

Til: Fjárlaganefndar

Frá: Samtökum atvinnulífsins

Dags.: 13.01.2021

Efni: Sala á eignarhlut ríkissjóðs í Íslandsbanka hf.

Samtök atvinnulífsins (SA) fagna tillögu Bankasýslu ríkisins um að hefja söluferli á hluta af eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka og telja tímasetningu almenns útboðs ákjósanlega. SA telja einnig að almennt útboð fullnægi skilyrðum um gagnsæi, hlutlægni og hagkvæmni við sölu eignarhlutarins. Þá taka samtökin undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra frá desember 2020<sup>1</sup>.

Að þessu sögðu telja SA mikilvægt að draga fram eftirfarandi atriði:

### 1. Tímasetning sölu er ákjósanleg

Í mars síðastliðnum komust fjármálamarkaðir og allt efnahagslíf í uppnám vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Af þeim sökum er skiljanlegt að Bankasýsla ríkisins hafi dregið tillögu sína um sölu eignarhlutar í Íslandsbanka til baka á þeim tíma. Þróun mála síðan hefur þó verið með þeim hætti að rétt er að taka upp þráðinn að nýju. Fjármálamarkaðir hafa staðið storminn af sér og íslensku viðskiptabankarnir hafa einnig sýnt góðan viðnámsþrótt, enda eiginfjárlutföll þeirra há, eins og reglur héraðs kveða á um. Afkoma þeirra hefur verið umfram væntingar og hlutabréfaverð Arion banka náð nýjum hæðum. Þá er lausafjárstaða þeirra sterk, bæði í krónum og erlendum gjaldmiðlum.

#### Hlutabréfaverð Arion banka í Kauphöll Íslands

Þróun frá janúar 2020 til janúar 2021



Heimildir: Macrobond

Óvissa varðandi framvindu efnahagsmála hefur minnkað töluvert frá því í mars. Stuðningur yfirvalda við fjármagnsmarkaði víða um heim hefur stutt vel við hlutabréfaverð. Eini íslenski viðskiptabankinn sem skráður er á hlutabréfamarkað hér á landi hefur til að mynda hækkað um nær 90% í verði frá

<sup>1</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sala%20c%3d%20Íslandsbanka%20-%20Greinarger%3fb0%20FJR%20me%3fb0%20till%3b6gu.pdf>

lágpunkti í lok mars 2020 og er V/I- eða Q-hlutfall bankans (verð/bókfært virði eigin fjár, sem er algengur mælikvarði á verðlagningu banka) nú um 0,85<sup>2</sup>. Þá hafa þær hlutabréfavísitölur sem fylgja hlutabréfaverði banka, svo sem Nasdaq Bank Index og STOXX Europe 600 Banks, hækkað töluvert frá lágpunkti sínum í mars/apríl síðastliðnum þrátt fyrir verulegan samdrátt í heimshagkerfinu. Sumar þeirra nálgast jafnvel nú þau gildi sem þær stóðu í áður en heimsfaraldurinn skall á. Því eru mun hagfelldari skilyrði til sölu banka nú en við upphaf faraldursins þegar óvissa um framvinduna var í hámarki og hlutabréfaverð hafði lækkað mikið.

## 2. Opinbert eignarhald bankakerfisins á Íslandi með því mesta sem þekkist

Ríkið er nú meirihlutaeigandi að viðskiptabankakerfi Íslands og er það ekki í fyrsta sinn. Útvegsbankinn var stofnaður eftir gjaldþrot Íslandsbanka árið 1930 og grunnur lagður að bankakerfi með þremur stórum bönkum í ríkiseigu, en auk Útvegsbankans voru Landsbankinn og Búnaðarbankinn í eigu ríkisins. Í hálfu öld var bankakerfið að stórum hluta í höndum ríkisins. Á þeim tíma urðu litlar framfarir í íslenskum fjármagnsviðskiptum. Bankarnir urðu fyrst og fremst tæki stjórnvalda til að ná pólitískum markmiðum, hvort sem var fyrir einstök kjördæmi, einstakar atvinnugreinar eða jafnvel einstök fyrirtæki.

Vert er að minnast þess að eignarhald ríkisins reyndist ekki trygging fyrir því að bankarnir kæmst hjá fjárhagsvandræðum. Seint á níunda áratug síðustu aldar varð Útvegsbankinn gjaldþrota í kjölfar mikils útlánataps. Bankinn var í framhaldinu endurreistur af ríkinu í formi hlutfélags en hann ásamt Alþýðubankanum, Iðnaðarbankanum og Verslunarbbankanum mynduðu síðan Íslandsbanka árið 1990. Íslandsbanki, sem ekki var í ríkiseigu, var öflugur banki sem veitti ríkisbönkunum harða samkeppni sem þeir höfðu í raun ekki búið við áður. Landsbankinn varð fyrir miklu útlánatapi í byrjun tíunda áratugarins og þurfti ríkið að leggja bankanum til verulegt fé til að forða honum frá gjaldþroti.


Hefur Íslandsbanki nú verið að fullu í ríkiseigu frá árinu 2015, eða allt eftir að stöðugleikaframlög fengust afhent frá kröfuhöfum föllnu bankanna, m.a. í formi eignarhlutar í bönkunum. Eins og sakir standa heldur ríkisjóður á eignarhlut í 2/3 hluta viðskiptabankakerfisins á Íslandi. Þar sem um áhættusaman samkeppnisrekstur er að ræða er ríkið aftur á móti ekki ákjósanlegur eigandi meirihluta bankakerfisins – hvorki út frá sjónarhóli skattgreiðenda né viðskiptavina bankanna. Vilji yfirvalda til að draga úr umfangi eignarhalds hins opinbera í fjármálakerfinu er skýr skv. stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar: „Eignarhald ríkisins á fjármálafyrirtækjum er það umfangsmesta í Evrópu og vill ríkisstjórnin leita leiða til að draga úr því.”

---

<sup>2</sup> <https://leit.keldan.is/Market/Shares/ARION>

## Opinbert eignarhald bankakerfisins

Eignarhlutur hins opinbera í fjármálafyrirtækjum - Árið 2016, Ísland m.v. 2020 Q3



Heimildir: World Bank, Seðlabanki Íslands, Útreikningar SA



Fátítt er að hið opinbera eigi stóran hlut í innlendu fjármálakerfi. Þau ríki sem halda á sambærilegum eignarhluta í innlendu fjármálakerfi og Ísland eru Indland og Hvíta-Rússland. Önnur Evrópulönd halda hins vegar á mun minni hlut, ef einhverjum. Þá er eignarhald annarra Norrænna ríkja í fjármálakerfum sínum hverfandi. Eins og fram kemur í Hvítbók<sup>3</sup> um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið, sem gefin var út árið 2018, hafa flest önnur vestræn ríki metið það sem svo að eignarhald ríkis á viðskiptabönkum í samkeppnisrekstri sé ekki forsenda þess að nauðsynlegir innviðir og stöðugleiki í fjármálakerfinu séu tryggð. Það sé betur gert með regluverki og eftirliti.

Það er eðlilegt að traust almennings til fjármálakerfisins sé enn skert eftir það áfall sem dundi yfir fyrir rúmum áratug. Í dag búa bankar hins vegar við gjörólíkt regluverk og eftirlit í samanburði við það sem þá var. Nú gilda til að mynda strangar reglur sem stuðla að heilbrigðu eignarhaldi, svo sem um hæfi eigenda til að fara með virkan eignarhlut í banka og möguleika þeirra til að beita áhrifum í þágu eigin hagsmuna. Ákjósanlegast væri að í stað ríkissjóðs samanstæði hluthafahópur viðskiptabankanna af fjölbreyttum hópi fjárfesta með víðtæka reynslu af fjármálastarfsemi þar sem ólík sjónarmið fengju að koma fram.

### 3. Verulegir fjármunir ríkissjóðs eru bundnir í áhætturekstri

Um 430 milljarðar króna eru nú bundnir í rekstri fjármálafyrirtækja hjá ríkinu sé horft til bókvirðis eigin fjár í Landsbankanum og í Íslandsbanka. Yrðu eignarhlutirnir seldir er þó líklegra að minna fé fengist fyrir þá en bókvirði gefur til kynna, ef marka má verðlagningu annarra banka sem skráðir eru á hlutabréfamarkað. Af þessum sökum eru hlutirnir skráðir á 80% af bókvirði eigin fjár í ríkisreikningi.

Til að áætla markaðsvirði eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka væri ef til vill nærtækast að miða við V/I-hlutfall Arion banka, þar sem viðskiptalíkan, markaður og regluverk bankanna tveggja er vel samanburðarhæft. Almenn er betra að miða við stærra úrtak þegar samanburður á margföldurum

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=e544d852-fc8f-11e8-942f-005056bc4d74>


eða kennitölum er gerður, en þá þarf að leiðrétta fyrir þáttum sem hafa áhrif á starfsumhverfi fyrirtækja í úrtakinu, svo sem regluverk og markaðsaðstæður, sem og eiginfjárlutfalli og gæði eigna.

Til samanburðar má þó nefna að V/I hlutföll banka í Evrópu eru almennt talsvert lægri en V/I hlutfall Arion banka, eða um 0,5-0,6 að meðaltali. Sem dæmi er V/I hlutfall banka í hlutabréfasjóðnum EXX1 (iShares EURO STOXX Banks 30-15 UCITS ETF (DE))<sup>4</sup> sem inniheldur hlutabréf banka á evrusvæðinu, aðeins 0,51.

Sé tekið mið af verðlagningu Arion banka, sem og annarra banka sem skráðir eru á markað, er ekki ólíklegt að markaðsvirði Íslandsbanka liggja nú á bilinu 70-90% af bókvirði eigin fjár. Hefur ávöxtun eigin fjár Íslandsbanka verið á svipuðu róli og hinna bankanna tveggja undanfarin ár. Mikilvægt er að hafa í huga að allt til ársins 2016 gætti áhrifa af sölu eigna föllnu bankana í uppgjörum þeirra og því ekki einungis um ávöxtun af reglulegum rekstri að ræða fram að því. Slíkir einskíptisliðir munu ekki endurtaka sig.

### Ávöxtun eigin fjár íslensku bankanna

2015 til 2020, m.v. fyrstu níu mánuði ársins 2020 (%)



Verðlagning bankanna, og fyrirtækja almennt, fer þó fremur eftir væntri arðsemi þeirra í framtíð en ávöxtun þeirra í fortíð. Ekki er auðsótt að meta hver vænt ávöxtun Íslandsbanka er samanborið við Arion banka. Engu að síður er hægt er að nota V/I hlutfall Arion banka sem gróft viðmið um mögulegt markaðsverð Íslandsbanka og Landsbankans þar sem rekstur og starfsumhverfi bankanna þriggja eru svipuð.

Miðað við bókvirði eigin fjár banka ríkisins í lok þriðja ársfjórðungs 2020 væri samsvarandi markaðsvirði þeirra út frá líklegu V/I-hlutfalli þá um 300-390 milljarðar króna eða um 128-164 milljarðar fyrir Íslandsbanka eingöngu. Jafngildir verðmæti eignarhlutar ríkisins í bönkunum tveimur því um 10-15% af landsframleiðslu. Skynsamlegra væri að nýta þessa fjármuni, sem nú eru bundnir í áhættusömum samkeppnisrekstri, til að minnka skuldsetningu ríkissjóðs, draga úr vaxtagreiðslum og mögulega bæta vaxtakjör ríkisins.


<sup>4</sup> <https://www.ishares.com/ch/individual/en/products/251784/ishares-euro-stoxx-banks-de-fund>

#### 4. Fjármunina má nýta með ábyrgari hætti

Taka þarf tillit til áhrifa sölu eignarhlutarins á fjármögnun ríkissjóðs við ákvörðun um sölu. Ríkissjóður sér nú fram á að auka skuldsetningu sína verulega (um allt að 1.200 milljarða) í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Af þeim sökum er þetta ákjósanlegur tími til eignasölu til að minnka þörf á slíkri skuldsetningu. Sala eigna myndi draga úr áhættu ríkissjóðs og vaxtakostnaði um leið. Þó vextir séu lágir í sögulegu tilliti eru fjármagnskjör íslenska ríkisins lök í alþjóðlegum samanburði, þrátt fyrir að skuldsetning ríkissjóðs megi e.t.v. teljast hófleg. Sala eigna til að draga úr þörf á skuldsetningu gæti aukið tiltrú fjárfesta á ríkissjóði og bætt þannig fjármögnunarkjör ríkisins.

#### Skuldir hins opinbera og fjármagnskjör í alþjóðlegum samanburði

Skuldir hins opinbera % VLF og 10 ára nafnvextir ríkisbréfa



Heimildir: Alþjóðgjaldeyrissjóðurinn, Macrobond



Ef seldur yrði 25% eignarhlutur í Íslandsbanka á margfaldaranum 0,8, svo dæmi sé tekið, væri unnt að draga úr þörf á skuldsetningu ríkissjóðs sem því nemur eða um 37 milljarða. Þannig gætu sparast vaxtagjöld fyrir rúmlega milljarð árlega, gróflega áætlað. Miðað við mismunandi forsendur um verð og stærð hlutar til sölu má telja líklegt að draga megi úr skuldsetningu ríkissjóðs um 19 - 41 milljarð og að árleg lækkun vaxtagjalda gæti numið á bilinu 550 – 1.175 milljónum ef ráðist verður í sölu á hlutum í Íslandsbanka. Frekari sala á hlutum í kjölfarið myndi draga enn frekar úr þörf á aukinni skuldsetningu og lækka vaxtagjöld enn frekar.

Sjá má næmnigreiningu út frá V/I hlutfalli og stærð hlutar til sölu í töflunni hér að neðan.

## Áhrif sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka á skuldahlutfall hins opinbera og vaxtagjöld

Sviðsmyndir m.v. mismunandi forsendur um V/I hlutfall og stærð hlutar sem seldur er

V/I hlutfall	0,7		0,8		0,9	
Hluttur til sölu	Lækkun skulda 2021	Árleg lækkun vaxtagjalda	Lækkun skulda 2021	Árleg lækkun vaxtagjalda	Lækkun skulda 2021	Árleg lækkun vaxtagjalda
15%	19.163	547	21.900	625	24.638	703
20%	25.550	729	29.200	833	32.850	937
25%	31.938	911	36.500	1.042	41.063	1.172

Upphæðir í milljónum króna

### Forsendur:

- Afrakstur af sölu hlutar er varið til niðurgreiðslu skulda árið 2021 og lækkar skuldir skv. Fjármálaáætlun sem því nemur út 2025. Ekki er gert ráð fyrir neinni annarri niðurgreiðslu skulda.
- VLF m.v. Þjóðhagsspá sem lögð er til grundvallar Fjármálaáætlunar.
- Vaxtagjöld m.v. óbreytt hlutfall vaxtagjalda af heildarskuldum skv. Fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025.



### Hvernig ríma niðurstöður við markaðinn?

- Í hlutfjárútbóði Icelandair í september sl. voru tilboð upp á samtals 30 ma.kr. samþykkt.
- Umframeftirspurn var eftir bréfum í félaginu á því verði sem auglýst var, þrátt fyrir að flugrekstur sé afar áhættusamur og félagið í sérlega þröngri stöðu á tíma útbodsins.
- Almenn þátttaka í útböðinu var þrátt fyrir þetta mikil.
- Miðað við þessar niðurstöðu má ætla að markaðurinn gæti tekið við um 30 milljarða hlut í Íslandsbanka.

Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Bankasýsla ríkisins, útreikningar SA



Miðað við stærð félaga í Kauphöll Íslands og nýafstaðið hlutfjárútbóð Icelandair má ætla að rými sé fyrir útbóð á borð við það sem fyrirhugað er með Íslandsbanka á íslenskum hlutabréfamarkaði. Í útbóði Icelandair í september síðastliðnum, þar sem tilboðum fyrir rúmlega 30 milljarða var tekið, var um talsverða umframeftirspurn að ræða – þrátt fyrir að líta hefði mátt á kaup á hlutum í félaginu sem mikla áhættufjárfestingu í ljósi viðkvæmrar stöðu þess.

Þátttaka almennings í útböðinu var mikil sem gefur vísbendingu um að væntingar um aukna þátttöku einstaklinga í hlutfjárútböðum á Íslandi séu raunhæfar. Þá má einnig nefna að sögulega lágt vaxtastig hérlandis gefur tilefni til að ætla að vilji til aukinnar áhættutöku, svo sem fjárfestingar í hlutabréfum, sé meiri en ella. Verði boðinn út hluttur í Íslandsbanka fyrir um 30 milljarða króna yrði stærð þess eignarhlutar sem boðinn verður út í Kauphöllinni ekki ósvipaður markaðsvirði VÍS eða Eikar fasteignafélags. Markaðsvirði Íslandsbanka í heild er þó nær markaðsvirði Arion banka.

## Markaðsvirði félaga í kauphöll Íslands

Milljarðar króna



## 5. Verð endurspeglar framtíðarhorfur og áhættu

Í stað framtíðararðgreiðslna, sem ávallt ríkir töluverð óvissa um, fæst eingreiðsla við sölu á hlut ríkisins í bankanum sem á að endurspeglar núvartar væntar framtíðargreiðslur úr rekstri bankans. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að arðgreiðslur í fortíð, sérílagi á því tímabili þar sem mikið var um hagnað bankanna vegna einskisliða, gefa mjög takmarkaða vísbendingu um framtíðar arðgreiðslumöguleika þeirra. Með slíkri eingreiðslu er ekki verið að fórna því virði sem fæst úr rekstri bankans í framtíð heldur er væntur afrakstur úr framtíðarrekstri, þ.e.a.s. líkleg framtíðar arðgreiðslugeta, grunnurinn að verðlagningu eignarhlutarins. Við núvirðingu þarf jafnframt að taka tillit til þeirrar áhættu sem í eignarhaldi á hlutnum felst. Áhættan byggir á þeirri óvissu sem ríkir um framtíðarafkomu bankans. Ríkið, sem eigandi, ætti einungis að selja eignarhlutinn ef ásættanlegt verð fæst fyrir hann með tilliti til óháðs mats á þessum þáttum; væntri afkomu og áhættu.

Í minnisblaði Bankasýslu ríkisins frá 17. desember síðastliðnum kemur eftirfarandi fram:<sup>5</sup>

*“Þá ættu einnig að liggja fyrir upplýsingar um arðgreiðslugetu Íslandsbanka, sem áætla að birta ársreikning 2020 þann 10. febrúar nk. og árs hlutareikning fyrir fyrsta ársfjórðung 2021 þann 5. maí nk., en arðgreiðslur gætu þá verið hagfelldari fyrir ríkissjóð heldur en sala eignarhluta, sérstaklega ef þróun á fjármálamörkuðum verður óhagstæð.”*

Virðismat banka er ýmsum vandkvæðum bundið en einna hægast ætti að vera að meta virði umfram eigin fjár, sem hægt væri að greiða út í arð. Fræðilega ætti reiðufé að vera metið sem 100% af bókvirði enda ríkir ekki óvissa um núvirði þess. Aftur á móti gæti ríkt óvissa um ráðstöfun þess, sem getur haft áhrif á það verð sem fjárfestar eru tilbúnir að greiða fyrir það. Ef líkleg verðlagning í almennu útboði

<sup>5</sup>[http://bankasysla.is/files/Minnisbla%3%B0%20til%20r%3%A1%3%B0herra%20me%3%B0%20ti%3%B6gu\\_Loka%3%BA%3A%3Afa\\_96883313.pdf](http://bankasysla.is/files/Minnisbla%3%B0%20til%20r%3%A1%3%B0herra%20me%3%B0%20ti%3%B6gu_Loka%3%BA%3A%3Afa_96883313.pdf)

gefur til kynna að óásættanlegt verð fái fyrir umfram eigið fé bankans gæti verið hagfelldara fyrir núverandi eiganda hans að fá greiddan út arð áður en útboð fer fram. Staða umfram eigin fjár á efnahagsreikningi bankans við sölu ætti þó fremur að hafa áhrif á tímasetningu arðgreiðslu eða verð hluta heldur en ákvörðun um sölu eignarhlutarins. Þá ber að hafa í huga að einungis er fyrirhugað að selja um fjórðung af hlutum í bankanum og ríkið yrði því enn meirihlutaeigandi að bankanum eftir útboðið. Aftur á móti gæti neikvæð þróun á fjármálamörkuðum almennt frekar gefið tilefni til endurskoðunar á sölu bankans, rétt eins og síðastliðið vor, ef ólíklegt þykir að ásættanlegt verð fái fyrir eignina út frá virðismati.

## 6. Sala er heppileg út frá samkeppnissjónarmiðum

Til viðbótar við þá þætti sem taldir hafa verið upp má nefna að út frá samkeppnissjónarmiðum er ekki ákjósanlegt að sami eigandi sé að tveimur af þremur stærstu viðskiptabönkum hagkerfisins. Vitað er að virk samkeppni leiðir almennt til meiri framþróunar í þjónustu og betri kjara til viðskiptavina. Til að mynda hefur eignarhald ríkisins á viðskiptabönkum ekki leitt til betri vaxtakjara til heimila og fyrirtækja en ella, enda gerir ríkissjóður réttilega kröfu um eðlilega arðsemi af starfseminni.

Miklar tækniframfarir eru að eiga sér stað innan fjármálageirans um þessar mundir. Í því felast tækifæri en einnig talsverð áhætta sem snertir rekstrarmódel viðskiptabankanna. Ætli bankarnir að standast það breytta samkeppnislandslag sem þeir munu standa frammi fyrir á komandi árum er nauðsynlegt að þeir taki þátt í þeirri framþróun með tilheyrandi fjárfestingu og áhættutöku. Í ljósi þeirra breytinga sem nú eru að eiga sér stað í fjártækni er vandséð að ríkið sé heppilegur eigandi að bönkum þar sem taka þarf erfiðar ákvarðanir til að halda bönkunum samkeppnishæfum í framtíðinni því sótt verður að þeim úr mörgum áttum. Þá eru fyrirtæki í ríkiseigu ólíklegri til að taka óvinsælar ákvarðanir um hagræðingu í rekstri og viðhafa jafnan minna kostnaðaraðhald en fyrirtæki í einkaeigu.

Þá má einnig nefna að óheppilegt er að yfirvöld, sem bera ábyrgð á því regluverki sem bankarnir starfa við sem og eftirlitshlutverkinu, séu jafnframt eigendur að þeim fyrirtækjum sem regluverkið á við um. Þá er sérstakt að ríkið beiti skattlagningarvaldi sínu með því að leggja sértækan skatt, bankaskattinn, á eignir sínar, skerði þannig alþjóðlega samkeppnishæfni þeirra og dragi þar með úr söluvænleika og virði.

## 7. Tilvist ríkisbanka kemur ekki í veg fyrir annað bankahrún

Fyrir rúmum áratug afhjúpuðust ýmsir misbrestir í alþjóðlegri fjármálastarfsemi. Í ljósi þessa er skiljanlegt að margir telji að forsenda fyrir áframhaldandi stöðugleika í fjármálakerfinu sé sú að ríkið fari með ríkjandi eignarhlut í bankakerfinu. Vert er í því samhengi að minnst þess að ríkisbankar hér á landi hafa orðið gjaldþrota eða verið forðað frá gjaldþroti af ríkinu með ærnum tilkostnaði. Ljóst er því að eignarhald ríkisins á bönkum er ekki trygging fyrir því að bankar lendi ekki í fjárhagserfiðleikum.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að í kjölfar fjármálakreppunnar hefur regluverk verið hert og eftirlit með fjármálastarfsemi verið aukið til muna. Þá hefur fjármálastöðugleiki fengið aukið vægi í starfsemi seðlabanka og hefur stjórnstækjum þeirra fjölgað samhliða aukinni ábyrgð með hinum svokölluðu þjóðhagsvarúðartækjum. Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands hafa verið sameinuð og er öll greiningarvinna, ákvörðun og ábyrgð nú á einum stað, sem er í senn mikilvægt og jákvætt skref.

Viðnámsþróttur bankanna hefur verið aukinn og margfalt meiri kröfur eru nú gerðar um eigið fé bankanna en áður. Þá hafa reglur verið settar sem takmarka óhóflega skuldsetningu þeirra auk þess



sem lausafjárreglur hafa verið hertar. Íslenskir bankar ættu því, miðað við allar þær breytingar sem hafa verið gerðar á umgjörð regluverks þeirra, að vera umtalsvert betur í stakk búnir til að takast á við áföll en áður. Þá eru jafnvel uppi sjónarmið um að gengið hafi verið of langt í þeim efnum.

Hlutverk ríkisins á fjármálamarkaði er fyrst og fremst að tryggja bankakerfinu þá umgjörð sem dregur úr óhóflegri áhættu og kostnaði skattgreiðenda, en ekki að annast rekstur fjármálafyrirtækja. Öll önnur vestræn ríki virðast taka undir þau sjónarmið.

Með tilliti til ofangreindra þátta telja SA nú kjörið tækifæri til að bjóða hluta af eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka til sölu í almennu útboði og undirbúa þannig jarðvegin fyrir sölu bankans í heild.

Virðingarfyllst,



Anna Hrefna Ingimundardóttir

Forstöðumaður efnahagssviðs SA



Ásdís Kristjánsdóttir

Aðstoðarframkvæmdarstjóri SA